

59

21. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað, nr. 148
28. ágúst 1940.

Verð á rafmagni til smáíðnaðar skal framvegis vera 70 aurar fyrir hverja kíló-wattstund, þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

60

5. maí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grundarfjörð.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grundarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Spjararsnoppu austan fjarðarins beint í Flankasker, og þaðan aftur í beina stefnu í svokallaðan Hamar vestan við bæinn Krossnes á vesturströnd fjarðarins. Að öðru leyti takmarkast höfnin af strandlínun milli þessara sömu staða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir umsjón Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þó þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

4. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Hafnarvörður annast í samráði við hafnarnefnd, allar daglegar framkvæmdir, eftirlit og umsjón með bryggjum, áhöldum og öðrum eignum hafnarinnar.